Akureyri 7.september 2014

ÁSKORUN UM ÁFRAMHALDANDI MAKRÍLVEIÐAR

Smábátafélagið Klettur skorar á stjórnvöld að heimila áframhaldandi krókaveiðar á markríl.

Fjölmörg góð og gild rök eru fyrir því að veiða makríl með krókum. Fyrir utan aukna verðmætasköpun, þá skapa veiðarnar um 500 manns atvinnu, þá þarf að hafa það í huga vill að stór aukin ganga makríls á grunnslóð vestan- og norðanlands er mikið inngrip í lífríkið sem hefur áhrif á aðra veiðistofna.

Makríllinn er hér í ætisleit og hefur í miklu magni haldið sig á og við uppeldissvæði okkar helstu nytjastofna s.s. þorsks, ýsu og ufsa og einnig á miklvægum göngusvæðum laxaseiða. Það er hætt við að ungviði okkar helstu nytjategunda eigi sér litla von gegn þessum gráðuga gesti.

Vert er að spyrja þeirra spurninga hvers vegna nýliðun í ýsu hefur hrunið, hrun er í laxastofninum, nýliðun í þorski hefur dregist saman osfr. Allt gerist þetta eftir að makríllinn hefur ætisgöngur sínar á grunnslóð. Jafnframt má benda á reynslu Færeyinga og þróun í minnkandi afrakstri nytastofna þeirra eftir að makríll fór að ganga þar í kringum eyjarnar í stór auknum mæli.

Ábyrgð stjórnvalda er mikil í þessu máli, og **það er fullkomið ábyrgðarleysi að hálfu ráðherra sjávarútvegsmála að friða makríl á grunnslóðinni eins og nú hefur verið gert, með veiðibanni með tilvísun í eigin reglugerðir og öðrum rökum ráðherra sem halda ekki.** Mjög mikilvægt er að heimila veiðar á tegundinni áfram fram eftir vetri, ekki síst til að leggja lóðir á vogarskálar um betri afrakstur annarra nýtjastofna og til að öðlast einhverja þekkingu á útbreiðslu og hegðunarmynstri makríls á grunnslóðinni.

F.h. stjórnar
Óttar Már Ingvason